

## Sautáandi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar Fundurinn haldinn 12. apríl 2013 kl. 13 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara mættu Guðný Róbertsdóttir. Fyrir hönd annarra starfsmanna mætti Eyrún Pétursdóttir skólaliði. Allir fulltrúar 10.bekkar í nemendaráði skólans mættu Karen Ósk Jónsdóttir, Davíð Sigurðsson, Sveinn Andri Jóhannsson, Stefanía Þórdís Grétarsdóttir og Kolbrún Helga Gunnlaugsdóttir. Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Aðstoðarskólastjóri fór yfir síðustu fundargerð.

### 2. Nemendaráð.

Þessi fundur var í höndum nemendaráðs, sem hafði fengið það verkefni að finna umfjöllunarefni á fundinn. Skólastjóri skal a.m.k. einu sinni á ári boða til sameiginlegs fundar nemendaráðs og skólaráðs og þessi fundur var boðaður sem slíkur.

Það sem nemendaráð vildi ræða um voru eftirfarandi þættir:

- **Tölvuver í skólanum við Hlíðarveg.** Þetta tölvuver er eins og hálfárs og stenst enganveginn væntingar. Nemendur orða sem svo að um sé að ræða verstu fjárfestingu skólans lengi. Um er að ræða multy-sheed kerfi þar sem ein móðurtölva drífur 14 skjái. Nemendur segja að tölvubúnaðurinn hafi aldrei virkað almennilega en það fari versnandi að þeirra mati. Kvillinn lýsir sér helst í að kerfið frýs – og þá missa þau út gögnin sem þau eru að vinna í – skjárnir klovna þ.e.a.s. skjárinn fyrir framan þau sýnir kannski að hálfu þeirra skjal en hinn helmingurinn á skjánum er skjal einhvers annars í tölvuverinu. Tölvumúsinn fer á flakk o.s.frv. Verst er þegar skjárnir frjósa eða detta út (verða svartir) því þá missa þau óvistuð gögn út.
- **Nýbygging við Norðurgötu** Nemendur vilja leggja áherslu á að við skipulag og hönnun skólans við Norðurgötu verði gert ráð fyrir fastri tölvustofu og ljósleiðari verði tekinn inn í húsið. Undir þessum lið var rætt um Ipad og hvort Ipad leysi aðrar nemendatölvur af hólmi. Nemendur halda ekki, Ipad gæti hins vegar leyst mikið magn af pappír og bókum af hólmi. Skólastjórnendur fóru á ráðstefnu s.l. föstudag og kynntu sér notkun Ipad. Þeir sögðu fundarmönnum frá ráðstefnunni.
- **Læstir nemendaskápar.** Nemendur segja að læstir nemendaskápar séu nauðsynlegir í skólann því mjög bagalegt sé að geta ekki læst dótið sitt inni. Þeir leggja til að skáparnar verði leigðir út. Þeir segja að nemendur fari í vasa á úlpum á göngum t.d. í leit að tyggjói. Fundarmenn voru sammála um að þetta er ólíðandi og nauðsynlegt að vekja á þessu athygli umsjónarkennara og óska eftir umræðum í bekkjunum t.d. á bekkjarfundi.
- **Farið yfir punkta frá nemendum frá síðasta skólaári.** Brynja foreldrafulltrúi kom með fundargerð sameiginlegs fundar nemendaráðs og skólaráðs frá því á síðasta skólaári og farið var yfir punkta frá nemendum á þeim fundi. Þar kom m.a. fram að nemendur óskuðu eftir lengra hádegishléi og tekur stundataflan í vetur mið að því. Nemendur segja að það sé alltaf annað líf. Þar kom líka fram að mikið álag er á 10.bekk námslega í apríl – kennarar virðast vera að keppast við að klára efni og stór skil eru í mörgum námsgreinum

á svipuðum tíma. Kvarða aðallega undan ensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni (annar bekkurinn).

Eftir þennan dagskrárlið vék nemendaráð af fundinum enda þeirra skóladagur liðinn.

### **3. Önnur mál**

Gídeonfélagið á Íslandi. Ráðið hefur velt fyrir sér hvort Gídeonfélagið eigi erindi inn í skólann með Nýja testamentið að gjöf til nemenda í 5.bekk. Í áratugi hefur sú verið venjan. Skólastjóri hefur haft samband við skólastjóra í skólunum í kringum okkur og enginn þeirra er að gera athugasemdir við þessa heimsókn. Fundarmönnum fannst samt eðlilegt að spyrja sig þessarrar spurningar og m.a. veltu þeir því fyrir sér af hverju Gídeonfélagið einblíndi ekki á fermingarárganginn og hitti þau þá í fermingarfræðslunni.

Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri.